

# Ársskýrsla 2017



**Hér birtist ársskýrsla Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu fyrir árið 2017.**

Skipulag og innihald byggir á forskrift frá mennta- menningarmálaráðuneyti sent skólameisturum 22.2. 2013 og nefnist *Innhald og lengd á ársskýrslum*.

**Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:**

Á vorönn 2017 voru nemendur við skólann 182. Þar af voru 82 karlar og 100 konur. Um 38% nemenda voru 20 ára og eldri og um þriðjungur búsettur utan sveitarfélagsins. Um helmingur nemenda var á stúdentsprófsbrautum, um 10% á framhaldsskólabraut og heldur fleiri eða um 13% í starfsnámi. Um 30% nemenda voru í ótilgreindu námi og þá oftast fjarnemendur í einum til tveimur áföngum. Á vorönninni voru 22 á starfsmannalistanum. Kennarar í fullu starfi voru 11 og í hlutastarfi voru 6. Aðrir starfsmenn voru 5 og þar af 2 í fullu starfi og 2 eru húsverðir í Nýheimum sem sinna húsvörslu og þrifum í skólanum.

Á haustönn 2017 voru 175 nemendur við skólann og á starfsmannalistanum voru 23 nöfn. Kennarar í fullu starfi voru 12 og 5 eru í hlutastarfi. Aðrir starfsmenn í fullu starfi voru 2 og 3 að auki í hlutastarfi. Auk þess eru í Nýheimum tveir húsverðir sem sjá um ræstingu og húsvörslu fyrir skólann. Kynjaskipting var þannig að 85 karlar og 90 konur voru á nemendalista. Um 42% nemenda voru 20 ára og eldri og um 27% búsettir utan sveitarfélagsins. Flestir nemendur voru skráðir í nám til stúdentsprófs eða 92 alls. Til framhaldsskólaprófs voru skráðir 23 nemendur, 21 í starfsnám og 39 í ótilgreint nám.

**Námsframboð:**

Námsframboð var að mestu svipað og undanfarin ár. Boðið var upp á nám á þremur stúdentsbrautum sem segja má að séu kjarninn í námsframboði skólans. Einnig var boðið upp á nám á framhaldsskólabraut. Starfsnámið sem boðið var upp á var A-stig vélstjórnar, fjallamennskunám, tækniteiknun og fiskvinnslunám. Helstu nýjungarnar voru endurskipulagt fjallamennskunám, nám á lista- og menningarsviði og nám í fiskvinnslu.

Aðsókn í fjallamennskunámið á haustönn 2016 var það lítil að ekki var hægt að fara af stað með það og því voru engir nemendur í því námi á vorönn 2017. Vorönnin var nýtt til að auglýsa fjallamennskunámið og endurskipuleggja áfangana með það að markmiði að koma því fyrir á tveimur öðrum. Námið var kynnt á framhaldsskólakynningu í Laugardalshöllinni og auglýst var í blöðum, útvarpi og á samfélagsmiðlum. Endurskipulagning námsins fólst í því að raða innhaldinu upp á þann hátt að hægt væri að ljúka 60 eininga fjallamennskusérhæfingu á tveimur öðrum og nemendur gætu síðan ákveðið hvort sú sérhæfing yrði hluti af námi á framhaldsskólabraut eða kjörnámsbraut sem er stúdentsbraut. Til að skoða mögulegar breytingar á fjallamennskunáminu var farið í kynnisferð til Fort William í Skotlandi þar sem University of Highlands and Islands býður upp á nám í afþreyingarferðþjónustu á framhalds- og háskólastigi. Ferðin var einnig hugsuð sem undirbúningur fyrir umsókn í styrkjasjóðinn Erasmus+ þar sem viðfangsefnið var menntun starfenda í afþreyingarferðþjónustu. Uppstokkunin og kynningin á fjallamennskunáminu skilað því að sjö nemendur skráðu sig í námið og því var hægt að fara af stað með það á haustönninni.

Á vorönn var einnig unnið að endurskipulagningu list- og menningarnáms við skólann. Uppsetning leikverks hefur verið hluti af starfsemi skólans frá upphafi. Fyrri hluti vorannar hefur verið nýttur til æfinga og síðan sýnt í kringum páska. Skólinn hefur verið í samstarfi við grunnskóla á svæðinu um þetta verkefni og einnig leikfélög á svæðinu. Í seinni tíð hefur samstarfið verið við Leikfélag Hornafjarðar og einnig Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu þegar um söngleik hefur verið að ræða. Til að byrja með var litið á uppsetninguna sem hluta af félagslífi nemenda og síðar þótti eðlilegt að nemendur fengju einingar fyrir það nám sem sannarlega fer fram. Við upptöku nýrrar námskrár var leiklist skilgreind sem áfangar í námi sem nemendur gátu valið líkt og ljósmyndun, fatasaum og myndlist. Á vorönn 2017 var unnið með þá hugmynd að gera meira með leiklistina og tengja hana við nám í öðrum listgreinum og einnig hug- og félagsvísindagreinum. Skólaárið 2017-2018 var boðið upp á 15 eininga lista- og menningarlínu þar sem verkefnaáfangi á framhaldsskólabraut var nýttur til undirbúningsvinnu við uppsetningu. Á vorönn 2018 var síðan uppsetning sjálf og í kjölfarið var áfangi sem snerist um að skipuleggja menningarviðburð. Við þessar 15 einingar var síðan hægt að tengja nám í öðrum listgreinum svo sem ljósmyndun og fatasaum; einnig íslensku, menningarsögu og

öðrum greinum í hug- og félagsvísindum. Þeir nemendur sem völdu þennan kost voru skráð á list- og menningarsvið og gátu hvort sem er verið á kjörnámsbraut eða framhaldsskólabraut.

Á árinu 2016 fór fram raunfærnimat í fiskvinnslu sem byggðist á námi Fisktækniskóla Íslands. Á haustönn 2016 var í samvinnu við Fræðslunetið- símenntun á Suðurlandi boðið upp á almennt nám fyrir nemendur sem fóru í gegnum raunfærnimatið. Á vorönn 2017 var haldið áfram með almenna námið og á haustönn var fagtengda námið í boði og unnin var áætlun fyrir nemendur þar sem framboð fagnámsins var skipulagt út frá þörfum nemenda. Skipulag og kennsla fagnámsins var unnin í samvinnu við Fisktækiskóla Íslands. Áfram var unnið að þróun fjarnáms og fjarkennslu við skólann með það í huga að fjölga fjarnemum við skólann þannig að hægt verði að tryggja þá breidd í kennarahópnum sem nauðsynleg er til að halda úti því námi sem boðið er upp á við skólann.

### **Framkvæmd markmiða skólans samkvæmt *Stefnuskjali 2017-2019* sem byggt er á lögum um opinber fjármál.**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið setti fram þrjú meginmarkmið fyrir framhaldsskóla samkvæmt lögum um opinber fjármál.

1. *Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að bók- og starfsnámi sem uppfylli kröfur næsta skólastigs og eða atvinnulífs.*
2. *Auka framboð á staðfestu, heildstæðu og markvissu starfsnámi.*
3. *Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma.*

Á grundvelli þessara markmiða sett skólinn fram markmið í stefnuskjali skólans 2017-2019. Fyrir hvert markmið eru settar fram þrjár aðgerðir

1. Treysta starfsgrundvöll skólans
  - a. Fjölga fjarnemum með því að bæta þjónustu og kennslu
  - b. Miðla nemendum og kennslu í gegnum Fjarmentaskólann
  - c. Styrkja list- og verknám í Vöruhúsinu með aukinni samvinnu á milli kennara og með því að festa þá í sessi
2. Auka framboð starfsnáms
  - a. Verknámsaðstaða í Vöruhúsi fyrir matreiðslu og matarsmiðju
  - b. Nám í gegnum Fjarmentaskólann í samvinnu við móðurskóla námssviða
  - c. Starfsnám ferðaþjónustu, sjávarútvegi og verslun
3. Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi
  - a. Aukið samstarf við foreldra nemenda á framhaldsskólabraut
  - b. Bæta umsjónarkerfi á stúdentsbrautum og auka þar ábyrgð nemenda
  - c. Bæta verkefnaskil nemenda

Í stefnuskjalinu fyrir árin 2017-2019 er einnig sett fram tvö markmið undir liðnum *rekstrarþættir* þar sem fjallað er um starfsmannamál og aðgerðir þeim tengdum.

1. Styrkja stoðþjónustu
  - a. Skoða samþættingarmöguleika við sambærilega starfsemi í Nýheimum
  - b. Fastráða í fullt starf eða úthýsa til Nýheima
2. Styrkja faglega hæfni starfsmanna
  - a. Sameiginlegt starfsmannanámskeið á hverju starfsári
  - b. Auka endurmenntun starfsmanna

Á vorönn 2016 var rætt um breytt skipulag og nýjar áherslur við fjarnám og fjarkennslu við FAS. Samþykkt var að leggja áherslu á eftirfarandi þætti:

- Áfanginn settur upp á Kennsluvef

- Kennsluáætlanir er tilbúnar í maí fyrir haustönn og desember fyrir vorönn
- Kennslumyndbönd um lykilatriði námsefnisins
- Sérstakir myndfundir með fjarnemendum
- Vettvangur fyrir fjarnemendur til að hafa samskipti sín á milli og við kennarann
- Möguleikar á að semja um aðra skiladaga á verkefnum og skipulag annarrar vinnu
- Almennt eru áfangar án lokaprófs

Þessar áherslur komu til framkvæmda á haustönn 2016 og skiluðu því að veruleg fjölgun varð á fjarnemendum. Skipulagi umsjónar var einnig breytt og á vorönn 2017 héldu þrír kennarar utan um allt fjarnáms og starfsnám. Um haustið var síðan einn fyrrum umsjónakennari fjarnámsins gerður að verkefnisstjóra fjarnáms við skólann.

Samstarfshatturinn Fjarmentaskólinn hefur verið nýttur í mörg ár til að miðla nemendum á milli þeirra þrettán skóla sem taka þátt í samstarfinu. Miðlunin fer fram í gegnum áfangastjóra skólanna og er nemendum að kostnaðarlausu en sá skóli sem annast kennsluna telur fram nemendaígildi sem verða til við nemendaskiptin. Þetta samstarf er föstum skorðum og styrkist með hverju ári.

Á framhaldsskólabraut er skylda að taka minnst 30 einingar í list- og verknámi. Allir á stúdentsbrautum þurfa að taka að lágmarki 5 einingar í list- og verkgreinum og nemendum á kjörnámsbraut gefst kostur á að byggja sérhæfingu á brautinni á list- og verknámi. Til að mæta eftirspurn sem af þessu leiðir er boðið upp á tólf námslínur sem flestar eru tveir 5 eininga áfangar. Miðað er við að allir áfangar séu í boði að lágmarki annað hvert skólaár. Aðstaðan fyrir þetta nám er í Vöruhúsinu sem hefur verið byggt upp sameiginlega af sveitarfélaginu og FAS með aðkomu starfandi listamanna og frumkvöðla. Tilkoma lista- og menningarsviðs sem fjallað var um hér að framan er liður í að efla list- og verknám í FAS og að styrkja Vöruhúsið sem vettvang til þess. Áform um byggingu aðstöðu fyrir matreiðslu og sviðslistir sem nú er unnið að eru einnig liður í því að efla list- og verknám, Vöruhúsið og starfsnám við skólann.

Hér að framan var einnig fjallað um fiskvinnuslunámið, fjallamennskunámið og nám fyrir starfendur í afþreyingarferðaþjónustu sem er Erasmus+ þróunarverkefni. Ekki hefur gefist tími eða tækfæri til að vinna frekar að verslunarnámi en raunfærnimat byggð á verslunarnámi framhaldsfræðslunnar fór fram á sama tíma og fiskvinnsluraunfærnimatið.

Samstarf við foreldra var verulega eflt á árinu 2017. Haldinn var fundur með foreldrum nemenda í 10. bekk í febrúar líkt og undanfarin ár og í apríl var fundur með foreldrum nemenda skólans yngri en 18 ára. Allir umsækjendur úr 10. bekk komu síðan í viðtal í lok maí og byrjun júní til að fara yfir val á áföngum fyrir haustönn og til að ræða langtímaplan út námstímamann. Á haustönn var umsjóarkennurum fækkað og hlutverk hvers aukið með áherslu á aukið samstarf við foreldra og heimili. Meðal annars eru nú sendar upplýsingar um mætingu í hverri viku og hálfmánaðarlega fá allir foreldrar nemenda yngri en 18 ára svo kallað föstudagsbréf þar sem farið er yfir það sem er á döfinni, greint frá því sem hefur verið í gangi og annað sem skiptir máli varðandi námið.

Samhliða því að ákveðið var að hætta að mestu með lokpróf í áföngum var ákveðið að lokamat færi fram í viðtali við hvern og einn nemanda í öllum þeim áföngum sem hann er í. Fyrir viðtölin þurfa nemendur að skila námsmöppu sem inniheldur lýsingu, umfang og ígrundun um námið. Smærri verkefni fara inn í námsmöppuna en þeim stærri er skilað sér. Námsmöppuaðferðin við námsmat felur í sér mikla áherslu á verkefnavinnu, símat og leiðsagnarmat. Það er því stöðugt meir áhersla á það hjá kennurum að allir nemendur skili alltaf öllum verkefnum. Á haustönninni var búið til samræmt sniðmát námsmöppu sem flestir kennarar nýttu sér til að halda utan um nám nemenda og auðvelda skipulag lokamatsviðtals.

Á árinu 2017 var unnið að því að endurskipuleggja stoðþjónustu skólans. Hér er átt við önnur störf en beina kennslu og stjórnun henni tengd svo sem skrifstofuhald, námsráðgjöf og

veitingasölu. Hugmyndir um að samþætta þessi störf við starfsemi annarra skipulagseininga í Nýheimum náðu ekki fram að ganga. Einkum var horft til Menningarmiðstöðvar Sveitarfélagsins, Rannsóknarseturs Háskóla Íslands, Náttúrustofu Suðausturlands og Nýheima Þekkingarseturs. Einnig var haft í huga samstarf við Fræðslunetið- símenntun á Suðurlandi um samstarf um námsráðgjöf. Vilji til að skoða málið var til staðar en flækjustigið er hátt þar sem hver skipulagseining í Nýheimum byggir starfsemi sína á mismunandi lögum og er í skiplagslegum tengslum við stærri heildir utan Nýheima. Málið verður skoðað áfram á næstu árum.

Í stofnanasamningi FAS og kennara við skólann er töluverð áhersla á símenntun og á kennarafund árið 2016 var samþykkt að stefna að námskeiðum fyrir alla starfsmenn við upphaf og lok skólaárs. Námskeiðin gætu bæði verið heimsóknir í aðra skóla eða námskeið í FAS sem starfsmenn töldu mikilvægt að efla þekkingu sína og færni í. Um vorið 2017 var farið í skólaheimsókn til Póllands en ekki fékkst kennari til að vera með námskeið um símat sem til stóð að hafa um miðjan ágúst.

### **Mat: Sjálfsmat og ytra mat**

Sjálfsmatsskýrsla er unnin fyrir hvert skólaár og birt á vef skólans. Þar er greint frá skipulagi, framkvæmd og eftirfylgni sjálfsmats. Á haustdögum 2016 var gerð ytri úttekt á FAS sem var birt á vef ráðuneytisins og skólans. Í ársbyrjun 2017 óskaði ráðuneytið eftir umbótaáætlun sem byggðist á þeim tækifærum til umbóta sem tilgreind voru í matsskýrslunni. Í lok árs 2017 var óskað eftir samantekt um framkvæmd umbótaáætlunar sem er birt í heild sinni sem viðauki í þessari ársskýrslu.

### **Afkoma, rekstrarstaða:**

Rekstur skólans á undarförum áru hefur gengið vel og safnast hefur upp rekstaraafgangur sem var í upphafi árs um 30 milljónir. Ekki liggur fyrir ársreikningur fyrir árið 2017 en í áætlaðri stöðu er gert ráð fyrir að á árinu 2017 hafi útgjöld verið um tvær milljónir umfram tekjur sem leiðir þá til lækkunar á uppsöfnum afgangi sem því nemur. Gert er ráð fyrir í áætlun næstu ára að uppsafnaður afgangur verði nýttur til að styrkja skólann til lengri tíma með margvíslegri þróunarvinnu einkum á svið starfsnáms, list- og verknáms.

### **Stjórnun:**

Stjórnun skólans á árinu 2017 var með hefðbundnum hætti. Samanber skipurit skólans þá einkennist stjórnunin að mestu leyti af tveimur lögum þar sem starfsmenn heyra beint undir skólameistara. Kennarar og aðrir starfsmenn hafa þó hver sitt starfsvið og bera þar mismikla ábyrgð. Þannig er starfsmaður sem er áfangastjóri í hlutastarfi og gegnir einnig hlutverki aðstoðarskólameistara. Annar kennari sér um erlend samskipti. Sá þriðji er sérstakur tengiliður við list- og verkgreinastarfið sem fram fer í Vöruhúsinu. Þannig mætti áfram telja upp útteilingu ábyrgðar og starfssviða innan skólans. Fjöldi stundakennara er misjafn eftir önnum og umfangi kennslu en kennarar í fullu starfi kenna iðulega fleiri en eina grein og hafa oft með höndum önnur verkefni einnig.

**Samvinna við aðra:**

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu starfar við óvenjulega aðstæður þar sem stafssvæði hans eru um 250 km enda á milli og þar búa ekki nema um 2300 manns. Í 30 ára sögu skólans hefur því oft þurft að leita annarra leiða en notaðar eru þar sem fólk er fleira á minna svæði. Lykilatriði í því sambandi er samvinna af margvíslegum toga. Undanfarin ár hefur skipulag samvinnunnar hverfst í kringum þrjár stoðir það er að segja Nýheima, Vöruhúsið og Fjarmentaskólann. Samvinna innan allra þessar stoða hefur verið að eflast undanfarin ár og hún hefur gert skólanum kleift að vaxa og dafna með þeim hætti sem raun ber vitni. Til viðbótar hefur erlent samstarf í gegnum tíðina við mikilvægur hluti náms og kennslu við skólann. Slíkt samstarf hefur einnig verið að aukast undanfarin ár. Í vor lauk nemendaskiptaverkefni við framhaldsskóla Póllandi sem fékk heitið *Your health is your wealth*. Starfsvalverkefninu *zoom2choose* lauk einnig í lok árs en þar er um að ræða íslenska þýðingu á vefsvæði sem nemendur og aðrir geta nýtt sér ljósmyndir og starfalýsingar til að glöggva sig á áhugasviðum varðandi störf. Þriðja verkefnið er einnig styrkt af Evrópusambandinu og er nemendaskiptaverkefni með skólum í Eistlandi, Lettlandi, Grikklandi og Ítalíu með áherslu á frumkvöðlanám þar sem nemendur þróa vöru sem þeir selja síðan á nemendafyrirtækjamarkaði í Lettlandi. Verkefnið heitir „*Sharing competencies in entrepreneurial learning, connecting theory with practise*“ og því lýkur á vorönn 2018. Fjórða verkefnið er svo Advent verkefnið sem áður hefur verið minnst á. Það hófst í haust og er þriggja ára samstarfsverkefni átta aðila í Finnlandi, Skotlandi og á Íslandi um þróun nám fyrir starfendur í afþreyingarferðaþjónustu. Verkefninu er stýrt af FAS og það er stærsta starfsnámsverkefnið sem styrkt var af Evrópusambandinu á Íslandi á árinu 2017. Heiti verkefnisins er: *Advent: Adventure tourism in vocational education and training*. Óformlegt samstarf við fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga er einnig töluvert ekki hvað síst í viðleitni skólans til að efla starfsnám með tengslum vinnustaði á svæðinu ekki hvað síst í ferðaþjónustu.

Apríl 2018, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari

**Viðauki 1**

Svar við beiðni um framkvæmd umbótaáætlunar FAS vegna ytri úttektar sbr. tilv.: MMR16120060/6.14.3-  
Stjórnun og skipulag

<b>Tillaga</b>	<b>Viðbrögð</b>	<b>Ábyrgðaraðili</b>	<b>Tímabil</b>
Setja þarf umbótaáætlanir fram með skýrari hætti í sjálfsmatsskýrslu.	Unnið verður markvisst að því að gera framsetningu skýrari.	Verkefnisstjóri sjálfmats	September 2017

**Aðgerð:**

- Það var gert samanber síðustu sjálfsmatsskýrslu [skólaárið 2016-2017](#).

**Kennsla og námsframboð**

<b>Tillaga</b>	<b>Viðbrögð</b>	<b>Ábyrgðaraðili</b>	<b>Tímabil</b>
Leita þarf leiða til að fjölga nemendum á nýjan leik.	Unnið að fjölgun fjarnemenda og nemenda í starfsnámi, samanber stefnu skólans í fjárhagsáætlun til þriggja ára. Einnig verður unnið að auknu samráði við grunnskóla á svæðinu.	Skólameistari	2017-2019

**Aðgerð:**

- Haustið 2016 voru fjarnemendur um 50 en eru núna í upphafi vorannar 2018 um 90.
- Áformað er að vera með kynningar á skólanum í grunnskólanum á Djúpavogi og í grunnskólanum á Kirkjubæjarklaustri.

<b>Tillaga</b>	<b>Viðbrögð</b>	<b>Ábyrgðaraðili</b>	<b>Tímabil</b>
Vinna þarf ötullega gegn brotthvarfi úr einstaka áföngum og/eða alveg úr skóla. Í því sambandi þarf að taka tillit til gamalgróinnar vinnumenningar og hás atvinnustigs á svæðinu sem gerir það að verkum að vinna með námi er mikil og leiðir að einhverju marki til brotthvarfs nemenda.	Unnið að bættri skráningu, betra fjarnámi og skýrara utanumhaldi með mætingu og ástundun. Auka samstarf við foreldra.	Skólameistari	2016-2019

**Aðgerð:**

- 2016-2017 voru sérstakir umsjónarkennarar fyrir fjarnemendur. Á haustönn 2017 var einn af þeim gerður að verkefnastjóra fjarnáms, og heldur hann utan um nám fjarnemenda.
- Við innskráningu nýnema haustið 2017 voru tekin viðtöl við alla foreldra nýnema.
- Haldnir hafa verði tveir foreldrafundir í upphafi anna.
- Langtímaplan hefur verið gert fyrir alla nýnema sem foreldrar hafa aðgang að.
- Umsjónarkennarar nemenda sem eru yngri en 18 ára hittast hálfsmánaðarlega til þess að fara yfir stöðuna og semja „föstudagsbréf“ sem er sent á foreldra.
- Vikulega er sent yfirlit um mætingu til foreldra nemenda yngri en 18 ára.

Tillaga	Viðbrögð	Ábyrgðaraðili	Tímabil
Leita þarf leiða til að hækka hlutfall námsráðgjafa.	Stefnt að því að hækka það í 50% en erfiðlega hefur gengið að fá menntaðan námsráðgjafa til starfa.	Skólameistari	Haustönn 2017

**Aðgerð:**

- Ekki tókst að ráða námsráðgjafa í 50% starf.
- Skólahjúkrunarfræðingur var í 10% starfi á haustönn 2017 en hefur nú á vorönn 2018 verið ráðinn í 20% starf.
- Hluti af verkefnum námsráðgjafa t.d. viðtöl við nýnema, ráðgjöf varðandi nám og gerð langtímaáætlunar er nú í höndum áfangastjóra.

Tillaga	Viðbrögð	Ábyrgðaraðili	Tímabil
Íhuga þarf hvernig hægt sé að draga úr áhrifum landfræðilegar staðsetningar á sókn kennara í reglubundna endurmenntun.	Óska eftir að námskeiðshaldarar skipuleggi námskeið með þarfir kennara á landsbyggðinni í huga. Stefnt að því að fara einu sinni á ári í sameiginlega námsferð kennara.	Skólameistari	Þegar færi gefst

**Aðgerð:**

- Farin var sameiginleg námsferð til Póllands sumarið 2017 og gert er ráð fyrir að fara í aðra námsferð í maí 2018.
- Unnið hefur verið að því að fá sérfræðinga til þess að halda námskeið fyrir kennara á svæðinu, svo sem varðandi námsmat og upplýsingatækni.

Tillaga	Viðbrögð	Ábyrgðaraðili	Tímabil
Bæta þarf netsamband í húsnæði skólans.	Hefur þegar verið bætt en vandamálið er að það eru mörg	Kerfisstjóri	Stöðugt í gangi



## þráðlaus net í húsinu.

**Aðgerð:**

- Sett var upp nýtt þráðlaust net sumarið 2017 og önnur net í Nýheimum lögð niður.

**Samskipti og líðan**

Tillaga	Viðbrögð	Ábyrgðaraðili	Tímabil
Huga þarf að umbótum í félagslegu umhverfi innan og utan FAS sem er mörgum ungmennum, einkum stúlkum, erfitt.	Efla umsjón, skólahjúkrun og námsráðgjöf. Fræða kennara og nemendur um geðrækt. Bjóða upp á námskeið í hugrænni atferlismeðferð og skimunarpróf.	Skólameistari	Viðvarandi verkefni

**Aðgerð:**

- Umsjónarkerfið hefur verið eflt með því að fækka umsjónarkennurum og gera hlutverk hvers þeirra stærra.
- Aukið samstarf við foreldra; einnig var sett upp [foreldrahandbók](#) á vefsíðu skólans.
- Skólahjúkrunarfræðingur er með áform um að sækja námskeið um geðrækt.
- Skólahjúkrunarfræðingur vinnur náið með skólasálfræðingi sveitarfélagsins sem hefur haldið kynningu fyrir nemendur og kennara í skólanum.
- Áform um námskeið í hugrænni atferlismeðferð og skimunarpróf hafa ekki gengið eftir en stefnt er á að taka uppþráðinn næsta haust.

Tillaga	Viðbrögð	Ábyrgðaraðili	Tímabil
Vinna þarf að aukinni þátttöku nemenda í félagslífi innan skólans.	Efla og virkja forystumenn nemendafélagsins. Farin ferð í upphafi skólaárs til að ná nemendum betur saman.	Skólameistari Verkefnisstjóri	2017- 2019

**Aðgerð:**

- Í skólanum er félagslíf skipulagt sem formlegt nám. Í upphafi vorannar 2018 var það skipulag endurskoðað og formfest enn frekar.
- Á haustönn var haldið nemendaping efstu bekkja grunnskóla og framhaldskóla FAS og sá ungmennaráð um skipulag. Niðurstöður ungmennapings verða ræddar á skólafundi sem haldin verður í byrjun febrúar.
- Einnig hafa átt sér stað endurbætur á félagsaðstöðu sveitarfélagsins þar sem nemendur FAS hafa nú aðgang að.
- Í upphafi haustannar var farið í eins dags gönguferð með nemendum og starfsmönnum. Gönguferðin er útfærsla á nýnemahátíð sem kom í stað busavígslu.

Tillaga	Viðbrögð	Ábyrgðaraðili	Tímabil
Efla þarf starfsemi foreldrafélagsins og auka aðild	Haldinn var fundur með foreldrum í febrúar og annar er	Skólameistari	2017

Þess að innri málefnum skólans. fyrirhugaður í september. Útbúin var rafræn foreldrahandbók á vef skólans. Stuðla að auknum samskiptum á milli foreldra, til að mynda með Facebook-síðu. Reglulegir foreldrafundir í framtíðinni sem settir verða á dagatal skólans.

**Aðgerð:**

- Haldinn var fundur með foreldrum í september 2017 og annar í janúar 2018.
- Foreldrahandbók er kominn á vef skólans.
- Foreldrafélagið var endurvakið.
- Foreldrafélagið stofnaði fésbókarsíðu.
- Foreldrafundir fóru inn á dagatal skólans.

**Lykilárangur**

Tillaga	Viðbrögð	Ábyrgðaraðili	Tímabil
Vinna þarf að því að auka brautskráningarhlutfall nemenda.	Er þegar inni í áætlun skólans sem tengd er fjárhagsáætlun til þriggja ára	Skólameistari	2017-2019

**Aðgerð:**

- Er inni í áætlun skólans 2018-2020 sem byggir á lögum um opinber fjármál.
- Langtímaplan nemenda búið til við upphaf náms.
- Fylgst er með hvernig áform um námslok á tilskildum tíma ganga eftir.
- Settar voru reglur um brautaráætlun og námsframvinda, sjá [vefsíðu](#).